



Ad veita fækifæri i sjálfbærnu samfélagi



SÓLHEIMAR
SJÁLFBÆRT SAMFÉLAG

1930 - 2010

80

Sólheimar ses - Ársskýrsla 2010

Sólheimar ses,
Stofnandi Sesselja Hreindís Sigmundsdóttir
(1902 – 1974)

Fulltrúaráð:

Árni Johnsen	Óðinn Helgi Jónsson
Björg Fenger	Ólafur G. Gústafsson
Edda Björgvinsdóttir	Óli Tynes
Fanney Proppé	Pétur Sveinbjarnarson
Gísli Hendriksson	Sigurjón Örn Þórssón
Guðmundur Bjarnason	Sverrir Berg Steinarsson
Sr. Gylfi Jónsson	Sr. Valgeir Ástráðsson
Margrét Jónsdóttir	Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson
Margrét Tómasdóttir	

Formaður fulltrúaráðs Sólheima ses: Pétur Sveinbjarnarson
Endurskoðandi: Margrét Pétursdóttir löggiltur endurskoðandi
Félagskjörnir skoðunarmenn reikninga:
Ólafur G. Gústafsson og Vilhjálmur Vilhjálmsson
Lögmaður Sólheima: Ólafur G. Gústafsson hrl.
Arkitekt: Árni Friðriksson

Framkvæmdastjórn Sólheima
Pétur Sveinbjarnarson, formaður
Sigurjón Örn Þórssón Guðmundur Bjarnason
Margrét Tómasdóttir Sr. Valgeir Ástráðsson

Framkvæmdastjóri: Guðmundur Ármann Pétursson
Fjármálastjóri: Einar Páll Bjarnason
Forstöðumaður heimilissviðs: Guðrún Jóna Kristjánsdóttir
Forstöðumaður atvinnusviðs: Guðmundur Karl Friðjónsson/
Erlendur Pálsson
Forstöðumaður Sesseljuhúss: Pálín Dögg Helgadóttir/
Katrín Magnúsdóttir
Félagsmálafulltrúi: Valgeir Fridolf Backman
Prestur og rafeindavirki: Sr. Birgir Thomsen

Ritstjórn ársskýrslu: Sr. Birgir Thomsen
Ábyrgðarmaður: Guðmundur Ármann Pétursson
Umbrot: Kristín Helgadóttir

Sólheimar ses
Kt. 610269 4519
Sólheimar · 801 Selfoss
solheimar@solheimar.is · www.solheimar.is

Markmið Sólheima ses

Markmið Sólheima er að skapa sjálfbært samfélag, byggt fólki sem leggur áherslu á ræktun manns og náttúru.

Lögd er áhersla á eigin matvælaframleiðslu, byggingar í sátt við náttúruna, eigin orkuöflun, lífræna ræktun, vinnslu afurða úr náttúrulegum efnum og endurvinnslu.

Atvinnustarfsemi tekur mið af efnahagslegum og félagslegum áhrifum á samfélagið og er í sátt við náttúruna.

Sólheimar starfrækja félagsþjónustu við fólk með sérþarfir þar sem einstaklingum er veitt þjálfun og leiðsögn með það að markmiði að gera þeim kleift að lifa eðlilegu lífi og hasla sér völl í samfélaginu þar sem þeim vegnar best.

Sólheimum er heimilt að standa að rekstri fyrirtækja ýmist með beinum hætti eða aðild að sjálfstæðum rekstrarfélögum.

Sólheimum er heimilt að koma upp og reka félagslegar íbúðir, svo og leigja lóðir fyrir íbúða- og atvinnuhúsnæði.

Sólheimum er heimilt að standa að þróunaraðstoð við einstaklinga með sérþarfir erlendis á eigin vegum eða í samstarfi við aðra.

Styrktarsjóður Sólheima hefur sjálfstæðan fjárhag og starfar samkvæmt sérstakri skipulagsskrá.

Sólheimar - byggðahverfi

Á Sólheimum er byggð með skýra og jákvæða ímynd sveitaborgs þar sem mannvirðing er í öndvegi.



Náttúran

Á Sólheimum er náttúrunni sýnd virðing og leitast við að vernda náttúrulega ferla og stuðla að umhverfisvernd eins og frekast er unnt.

Samfélagið

Á Sólheimum er samheldið og fjölbreytt samfélag þar sem ríkir traust og virðing milli manna og íbúum og gestum líður vel. Hver einstaklingur er mikilvægur og hefur hlutverki að gegna í samfélaginu.

Atvinnulífið


Á Sólheimum er atvinnustarfsemi byggð á lífrænni ræktun, garðyrkju og matvælaframleiðslu, handverki og iðnaði úr náttúruafurðum, auk náttúru- og heilsutengdri ferðaþjónustu.

Menningarlífið

Á Sólheimum er öflugt menningarlíf tengt fjölbreyttum listgreinum ásamt umhverfistengdri fræðslustarfsemi, sem styrkir tengsl samfélagsins bæði inn á við og út á við.

Byggðin

Á Sólheimum er sjálfbær byggð þar sem tengsl náttúru, mannlífs og byggðar eru sterk.





Glæsilegt afmælisár í skugga óvissu.

80 ára afmæli Sólheima var fagnað með glæsilegum hætti. Hver stór viðburðurinn rak annan, hátíðarsýning Sólheimaleikhússins í Þjóðleikhúsinu, vegleg listahátíð að Sólheimum með sýningum og fjölbreyttu tónlistarhaldi og vel sótt afmælishátíð þar sem ný stórbygging, Tómasarsmiðja, var tekin í notkun. Ríkissjónvarpið frumsýndi tvær kvikmyndir sem tengjast Sólheimum. Fjallaði önnur þeirra um starf og hugsjónir Sesseljú Hreindísar Sigmundsdóttur stofnanda Sólheima og hin um Reyni Pétur, þekktasta íbúa Sólheima. Starfið í Sólheimakirkju var með miklum ágætum. Við hátíðarguðsþjónustu á afmælisdegi kirkjunnar var vígð ný altaristafla, fallett listaverk byggt á hugmyndum íbúa og unnið af Ólafi Má Guðmundssyni myndlistarmanni, verkstjóra í Listasmiðju Sólheima.

Saga Sólheima er mikill og merk saga brautryðjanda sem með elju og dugnaði þurfti að berjast harðri baráttu fyrir tilvist staðarins gegn stjórnvaldi og fordómum. Sólheimar hafa á stuttum tíma vaxið úr sveitaheimili í blómlegt og öflugt byggðahverfi með á annað hundrað íbúa. Byggðahverfi sem í dag hefur ríkar skyldur í alþjóðasamfélaginu sem elsta byggðahverfi í veröldinni, sem veitir fólki með sérþarfir búsetu og jafnframt elsta "Eco village" (umhverfissamfélag) í heimi.

Þrátt fyrir 80 ára starf stendur baráttan um sjálfstæði og sérstöðu Sólheima enn. Allt frá stofnun Sólheima árið 1930 hafa allar meiriháttar lagabreytingar er varða starf Sólheima valdið erfiðleikum og óvissu og kostað gríðarleg átök. Má þar nefna til sögunnar húsrannsóknir, bráðabirgðalög, frýstingu á opinberum greiðslum, kröfur um grundvallarbreytingar á rekstarformi, bann við að taka nýja einstaklinga til búsetu, ágreining um skipulagsskrá og þannig mætti lengi telja.

Þegar ljóst var í haust að ríkistjórnin ætlaði að flytja málefni fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga um áramótin, tóku að hrannast upp óveðurský á lofti. Hafa verður í huga að það sveitarfélag sem Sólheimar starfa í svo og félagsþjónusta uppsveita Árnessýslu (sem saman mynda væntanlegt þjónustusvæði og þjónusturáð) hafa margítrekað brotið lög á fötluðum íbúum Sólheima.

Má þar nefna til sex stjórnsýsluúrskurði og dóm Héraðsdóms Suðurlands.

Fulltrúaráð Sólheima fjallaði ítarlega um málið 25. október s.l. og samþykkti ályktun þar

sem óskað var eftir að ríkið tryggði áframhaldandi þjónustu við fatlaða að Sólheimum með samkomulagi til ársins 2014. Var vitnað til systrasamtaka Sólheima í Noregi og Svíþjóð, þar sem gerðar voru sérstakar ráðstafanir til að tryggja áframhaldandi þjónustu þessara staða þegar málefni fatlaðra voru flutt frá ríki til sveitarfélaga. Óskað var eftir að samkomulagið grundvallaðist á mati á kostnaði og þjónustubörf fatlaðra íbúa Sólheima og að Sólheimar búi við sama rekstraröryggi og sveitarfélögin. Sólheimar eru stærri þjónustuveitandi við fatlað fólk en flest sveitarfélög landsins og því ekki óeðlilegt að tekið sé tillit til þess, bæði af hálfu félagsmálaráðuneytisins og sveitarfélaga landsins. Þessari beiðni hafnaði félagsmálaráðherra.

Við afgreiðslu breytinga á lögum um málefni fatlaðra á Alþingi óskuðu Sólheimar eftir að sett yrði heimildarákvæði til bráðabirgða í lögin, þar sem jöfnunarsjóði sveitarfélaga væri heimilt að semja við Sólheimar.

Sjóðnum er m.a. ætlað það hlutverk að greiða til sveitarfélaga þá fjármuni sem ríkið hefur fram til þessa varið til málefna fatlaðra. Þessari beiðni var hafnað.

Upp var komin sú staða sem forráðmenn Sólheima óttuðust að breytingar á lögum hefðu í för með sér. Samkvæmt lögunum er það sveitarfélagið Árborg sem fer með forræði mála þjónustusvæðisins, sveitarfélag sem íbúar Sólheima eigi ekki lögheimili í og ber enga pólitíska ábyrgð gagnvart íbúum Sólheima. Sveitarfélag sem sjálft stendur í eigin rekstri og þjónustu við fatlað fólk, metur sjálft hversu háar fjárhæðir það fær greitt sem þjónustuveitandi og hefur eftirlit með eigin starfssemi. Sama sveitarfélag á að gera þjónustusamning við Sólheimar og hafa eftirlit með þjónustunni. Fyrirkomulag sem þetta þekkist hvergi í víðri veröld í málefnum fatlaðs fólks og er á móta og það væri á verksviði sjúkrá-húss Akraness að ákveða fjárveitingar til Landspítalans og hafa eftirlit með starfssemi hans, eða Stöðvar 2 að ákveða afnotagjöld Ríkisútvarpsins og hafa eftirlit með starfssemi þess.

Forráðamenn Sólheima vonuðu að frumvarp til breytinga á lögum um málefni fatlaðs fólks fengi vandaða og ítarlega umfjöllun á Alþingi. Svo reyndist ekki vera. Frumvarpið var lagt fram örstuttu fyrir jólaaleyfi, umsagnarfrestur veittur í 5 sólarhringa og málið afgreitt með hraði og lögin látni taka gildi eftir 13 daga. Sólheimar sendu Alþingi 76 athugasemdir og breytingartillögur við lagafrumvarpið, án þess að það bæri nokkurn árangur. Slík er virðing Alþingis fyrir fötluðu fólki á Íslandi.

Það er einlæg von mín að takast megja að leysa aðsteðjandi erfiðleika, réttindi fatlaðra íbúa Sólheima verði virt svo og sérstaða og sjálfstæði Sólheima.

Ég flyt íbúum Sólheima þakkið fyrir frábær störf á árinu, svo og fulltrúaráðsmönnum og samstarfsfólki í framkvæmdastjórn og framkvæmdastjóra þakkið fyrir einhug og gott samstarf.



Samkvæmt samkomulagi við Félagsmálaráðuneytið, veitir Félagsþjónusta Sólheima 43 einstaklingum stoðþjónustu og stuðning við búsetu, atvinnu og félagsstarf.

Búseta er með þrennum hætti

Sjálfstæð búseta

Meirihluti íbúa býr í einstaklings- eða paríbúðum. Einstaklingsíbúðirnar eru 53m² að stærð með sérinngangi og paríbúðirnar 60 til 85m² að stærð. Á árinu 2007 var einnig tekið í notkun nýtt 120m² einbýlishús fyrir íbúa. Íbúarnir standa undir heimilishaldi með eigin tekjum og örorku-lífeyri. Heimilishald er á ábyrgð íbúanna, en þeir njóta aðstoðar félagsþjónustu Sólheima.

Sambýli

Steinahlíð er eina sambýlið hérna, þar búa 6 íbúar. Heimilisrekstur á sambýlinu er greiddur af íbúum sem taka þátt í daglegum heimilisstörfum eftir því sem geta og hæfileikar leyfa. Stuðningsfulltrúar hafa aðstöðu í húsunum og dvelja þar viku í senn.

Einstaklingsíbúðir með sameiginlegu þjónusturými.


Í Bláskógum eru einstaklingsíbúðir með sameiginlegu þjónusturými fyrir „heldri“ íbúa. Þar er sólahringþjónusta. Þar búa 9 einstaklingar. Heimilisrekstur er greiddur af íbúum. Stuðningsfulltrúar hafa aðstöðu í húsunum og dvelja þar viku í senn. Starfssemin er margþætt og snýr stuðningurinn sem íbúum stendur til boða að öllum þáttum lífsins, má þar nefna aðstoð við heimilishald, persónuleg þrif, fjármál, aðföng ýmiskonar, félagslega samveru og margt fleira. Markmiðið er að auka færni og sjálfstæði íbúana og veita einstaklingsbundna þjónustu.

Stoðþjónusta:

Íbúar fá lækniþjónustu frá Heilsugæslustöðinni í Laugarási og sækja einnig töluverða lækniþjónustu til Reykjavíkur og á Selfoss. Nuddari, rakari, snyrtifræðingur og hárgreiðslukona veita þjónustu á Sólheimum með reglulegu millibili. Lyfjalausnir sjá um að skammta lyf fyrir þá sem það þurfa. Fjölmennit býður íbúum upp á nám á Selfossi og íþróttakennslu á Sólheimum. Einnig kemur íþróttatræðingur tvisvar í viku með Boccia og almennar íþróttir.



Sundnámskeið



Meðalaldur og kynjadreifing íbúa:

Meðalaldur: 49,5 ár
Aldursdreifing: 22 ára til 77 ára
Konur: 25
Karlar: 18


Aðrir skjólstaðingar

Vistun og samfélagsaðlögun fyrirmyndarfanga

Vistun og samfélagsaðlögun fyrirmyndarfanga
Tveir til þrír einstaklingar hafa að staðldri verið þátttakendur í verkefninu „Vistun og samfélagsaðlögun að Sólheimum“. Verkefnið byggir á samningi við Fangelsismálastofnun ríkisins frá 22. september 2004. Alls var heildarfjöldi dvalarmánaða 124,5 í lok árs og þátttakendur í verkefninu orðnir 11 talsins. Einn einstaklingur lauk dvöl sinni að Sólheimum í lok ársins, en það er annar kvenþátttakandinn í verkefninu. Í janúar 2011 mun nýr einstaklingur hefja dvöl sína hér. Nú þegar fimm ár eru liðin frá upphafi verkefnisins er komin góð reynsla á framkvæmd þess. Þetta úrræði við lúkningu afplánunar refsídóma hefur reynt vel og hafa þeir einstaklingar sem hér hafa verið, tekið þátt í samfélaginu, auk þess að mörg þeirra halda góðum tengslum við Sólheima eftir að afplánun líkur.



Listsköpun er þáttur í daglegu lífi að Sólheimum



Vinnumálastofnun

Samstarf við Vinnumálastofnun var með þeim hætti að fjórir starfsmenn unnu hluta úr árinu hér að Sólheimum. Verkefnið snýst um að skapa langtíma atvinnulausum einstaklingum tækifæri til atvinnuþátttöku og félagslegrar aðlögunar. Hefur aðallega verið um byggingarvinnu að ræða.

Starfsnám og sjálfbóðaliðastarf

Í Sesseljúhúsi og á Sólheimum er Starfsnám og sjálfbóðaliðastarf í hraðri uppbyggingu, en nú hefur Sesseljúhús tekið formlega við umsjón þess. Starfsmennirnir og sjálfbóðaliðarnir koma víðsvegar að úr heiminum og dvelja hér í 3 – 12 mánuði við leik og störf. Þeir taka að sér fjölbreytt og krefjandi verkefni á hinum ýmsu vinnustöðum Sólheima. Þeir taka jafnframt virkan þátt í samfélaginu á Sólheimum og uppbyggingu staðarins. Auk vinnunnar fá þeir tveggja tíma íslenskukennslu í hverri viku og halda kynningar á menningu sinni fyrir íbúa Sólheima.

Að jafnaði eru 8-10 starfsmenar eða sjálfbóðaliðar á Sólheimum hverju sinni.

Skapandi störf fyrir alla

Sólheimar hafa markað sér sérstöðu á Íslandi í atvinnumálum. Þessi sérstaða felst í því að allir íbúar á Sólheimum eiga kost á vinnu, við hæfi hvers og eins, við skapandi og fjölbreytt störf alla virka daga. Dagvistun er úrræði fyrir þá sem sökum aldurs eða veikinda búa við verulega skerta starfsorku. Það hefur alla tíð verið stefna Sólheima í atvinnumálum að gefa fólki kost á að stunda sína vinnu svo lengi sem það getur og vill. Það eru því ekki endilega aldursmörk sem ákvarða hverjir njóta dagvistunar. Öll þessi störf hafa mikla þýðingu fyrir viðkomandi og samfélagið og eru til staðar vegna samfélagsgerðar Sólheima.

Fræðslustarf

Í samstarfi við Fræðslunet Suðurlands voru haldin þrjú námskeið á haustdögum í kertagerð og gerð aðventuljósa. Einnig voru haldin námskeið í kertagerð fyrir meðlimi Kvenfélags Grímsneshrepps og íbúa Sólheima, þar sem gerð aðventukransa úr vaxi og neti var vinsælt viðfangsefni.

Auk þess tóku íbúar Sólheima þátt í og/eða stóðu fyrir eftirtöldum námskeiðum:

- Leikjanámskeið, haldið hér á Sólheimum frá byrjun júní fram í miðjan ágúst mánuð.
- Ýmsir fyrirlestrar voru í boði og má þar nefna lækinn Aart van der Stel sem fjallaði um fatlanir og einstaklinginn út frá sjónarhorni mannspekilækninga.



Einnig vísast til fræðsluerinda og námskeiða sem haldin voru á vegum Sesseljúhúss.

Erlent samstarf

Samstarf hélt áfram með góðum árangri við samfélagið Solakra í Järna í Svíþjóð og Camphill hreyfinguna í Bretlandi.



Starfsmenar og sjálfbóðaliðar í Sesseljúhúsi




Diddú og Kristján Már svífa í dansinn



Valdi smiður fór á kostum í leikritinu



Sesseljurnar baksvið





Íþróttafélagið Gnýr



Allt íþróttastarf á Sólheimum er undir stjórn Íþróttafélagsins Gnýs. Ávallt er stefnt að því að hafa starfið sem fjölbreytilegast svo að flestir íbúar, sem er blandaður hópur fatlaðra og ófatlaðra, geti tekið þátt í því sem þeir hafa áhuga á og gaman af. Árið var mjög gott hjá okkur og margt í gangi eins og alltaf; frjálsar íþróttir, Boccia, sund, göngu-, hjóla- og trimmhópar. Árið 2010 var afmælisár Sólheima og því mikið um að vera. Leikritið þar sem sólin á heima var frumsýnt á sumardaginn fyrsta og lokasýningin var svo fyrir troðfullu Þjóðleikhúsi þann 5. maí.

Vegna leikfélags Sólheima breytist íþróttastarfið í leikarastarf að hluta til, 2-3 mánuði á ári, sem er mjög krefjandi. Fimm manna stjórn var endurkosin á aðalfundi Íþróttafélagsins Gnýs: Halldór Hartmannsson formaður, María K. Jacobsen varaformaður, Eypór Jóhannsson ritari, Ágúst Þór Guðnason varamaður og Valgeir Fridolf Backman gjaldkeri. Þjálfari á íþrótt- og leikjanámskeiði fyrir Íþróttafélagið Gný árið 2010-2011 var Sigurborg Jóna Björnsdóttir íþróttfræðingur, við þökkum henni gott starf.

Boccia

Um 25 manna hópur æfir reglulega 1-2 sinnum í viku og keppir a.m.k. á tveimur mótum á ári. Félagar í Gný tóku þátt í Íslandsmeistaramóti ÍF (Íþróttasamband fatlaðra) - Sveitakeppni í Boccia sem fram fór í Laugardalshöllinni dagana 21.-22. mars og Íslandsmóti í einstaklingskeppni í Boccia - í Reykjanessbæ 2-3 október.

Frjálsar íþróttir

Íþróttafélagið sendi keppendur á frjálsíþróttamót. Íslandsmeistaramót í frjálsum íþróttum fór fram föstudaginn 19. mars í Laugardalshöll og var Ágúst Þór Guðnason eini fulltrúi Gnýs að þessu sinni, aðrir voru í Boccia.

Engu að síður komu **fimm** gullpeningar heim þar sem hann vann allar þær greinar sem hann tók þátt í. Ágúst fór á tveggja vikna íþróttadvalarnámskeið á Laugarvatni um sumarið sem reyndist góður undirbúningur fyrir ferðina til Póllands.



Special Olympics

Ágúst Þór var valinn og keppti fyrir Íslands hönd á Special Olympics í Póllandi dagana 18. - 24. september og vann **silfur** í báðum þeim greinum sem hann keppti í, hástökki og 100 m hlaupi. Íþróttafélagið Hvöt lánaði Gný hástökkisdýnu með öllu tilheyrandi og má tengja góðan árangur Ágústs í Póllandi við margar og miklar æfingar. Ágúst var kallaður á landsliðsæfingu, æfingabúðir í Laugardal og samhliða var þjálfaranámskeið fyrir Valgeir Fridolf Backman.

Ágúst Þór
á Special Olympics



Fjölmennt Selfossi

Fjölmennt á Selfossi var með frábæra dagskrá hér á Sólheimum eins og leikfimi, körfubolta, æfingar í tækjasal og sundæfingar, allt var mjög vel gert enda frábærir kennarar á ferð. Nemendur í körfubolta buðu okkur starfsmönnum Sólheima í körfuboltakeppni eins og í fyrra en þá sigruðu nemendurnir. Og já, já... þeir unnu aftur núna!

Hjólreiðaklúbbur Sólheima

Margir fjárfestu í reiðhjólum og gerðu upp eldri hjól og hjóluðu svo í og úr vinnu og voru frekar fljótir á milli staða!



Knattspyrna

Á s.l. sumri voru knattspyrnuæfingar á Sólheimavelli með fæsta móti, en sjálfbóðaliðar voru duglegir við að drífa íbúa í knattleiki og aðra leiki á vellinum.

Skátafélag Sólheima



Merkasti atburður skátastarfsins var án efa þetta: 19.03.2010 Heiðursbréf: **Akademía skáta gerir hér með kunnugt að Skátafélag Sólheima hlýtur hvatningarverðlaun Akademíu skáta fyrir 25 ára skátastarf.**

Valgeir Fridolf Backman fékk Skipunarbréf frá stjórn Bandalags íslenskra skáta og var skipaður Félagsforingi Skf. Sólheima á sama tíma.

Nokkrir skátafundir voru haldnir og mikil stemning. Útílífsmiðstöðin Úlfjótuvatni var sótt heim og Sólheimaskátar í samstarfi við Skógræktarstöðina Ölur plöntuðu hátt í 80 trjáa í Sólheimalundinn sem við megum sinna eins mikið og vel og við viljum. Upp frá því kom Egill skáti „Ullarbrók“ með hóp skáta til Sólheima í útileiki í ágúst og hélt svo síðar annan fund, kvöldvöku í Sesseljuhúsi. Við fengum skátagrúppuna „Dos Sardinias“ til að spila á þorablóti okkar í janúar 2010 og var mikið fjör.

Tækjasalur og Íþróttaleikhús

Aðsókn hefur sjaldan verið meiri, meðal annars vegna mikillar notkunar á badmintonvelli, nýs upptogstækis og hástökkisdýnu í Íþróttaleikhúsinu sem eykur en á fjölbreytni íþróttastarfsins. Tækjasalur var vel nýttur af íbúum, gestum og gangandi og margir í sjáanlegu átaki með viðeigandi vellíðan!

Sundlaug Sólheima

Sundlaug og heitur pottur eru vel nýtt og aðstaðan er til fyrirmyndar. Æfingartækið „þrítæki“ virkar vel og er notkun á því að aukast. Sundlaugin er vinsælli fyrir vikið og einstaklega gott að enda daginn þar! Reglulegar æfingar eru á vegum Fjölmenntar á Selfossi fyrir íbúa Sólheima.

Golfklúbbur Sólheima

Golfvöllur Sólheima, sem er ein braut, var mikið notaður síðasta sumar. Til stendur að bæta við annarri braut.

Gönguhópar

Starfandi er fræðslu- og náttúrugönguhópur sem gengur um Sólheimasvæðið og nágrenni þess. Myndarlegur hópur gekk á fjöllin hér í kring; Hestfjall, Vörðufell, Búrfell og Ingólfsfjall.



Sólheimaleikhúsið

Sólheimaleikhúsið sýndi á afmælisárinu leikritið **Par sem sólin á heima** eftir Eddu Björgvinsdóttur, frumsýning var í Sólheimaleikhúsinu á sumardaginn fyrsta kl. 15:00. Leikritið er skrifað sérstaklega í tilefni af 80 ára afmæli Sólheima og fjallar um ævi Sesselju Hreindísar Sigmundsdóttur stofnanda Sólheima. Paulreyndir leikarar Sólheimaleikhússins tókust á við mörg ólík hlutverk og sungu að auki undurfalleg lög Péturs H. Péturssonar sem hann samdi fyrir leikritið. Heiðursgestur sýningarinnar var hin ástsæla **Diddú**, Sigrún Hjálmtýsdóttir. Stór og myndalegur hópur kom að verkinu og æfingar skiluðu sér í snildarleik allra sem að verkinu komu, öllum til mikillar ánægju!

Íþrótt- og leikjanámskeið

Útivist og alhliða leikfimi var fyrir börn alla virka daga í allt sumar í umsjón Sigurborgar Jónu Björnsdóttur íþróttafræðings frá Menntaskólanum á Laugarvatni. Námskeiðið stóð yfir frá 9. júní til 11. ágúst. Ókeypis var á námskeiðið og naut það styrks frá Grímsnes- og Grafningshreppi. Námskeiðið var jafnframt opið öllum börnum og mjög vel sótt eins og sjá má á myndinni.

Íþróttir og gleði

Haldin voru 12 vikna íþróttanámskeið fyrir íbúa Sólheima á mánudögum. „Íþróttir og gleði“, sem er alhliða leikfimi og byggist á leikjum, sundi, fjölbreyttum íþróttæfingum, dansi, útivist og lyftingum í tækjasal. Einnig voru í boði Boccia æfingar einu sinni í viku á fimmtudögum undir stjórn sama þjálfara Sigurborgu Björnsdóttur. „Puð og Púl“ var einnig í boði fyrir þá allra hörðustu sem vildu klára daginn með látum!

Sólheimabíó

Kvikmyndasýningar voru af og til í Sesseljuhúsi. Einnig var sýnt frá helstu atburðum í enska boltanum og keppni í Formúlu 1 kappakstrinum, handboltaleikjum og ýmsum tónlistarviðburðum. Og svo ýmsar aðrar bíómyndir. Heimildarmyndin **Að fylgja ljósinu**, um Sesselju Hreindísi Sigmundsdóttir stofnanda Sólheima, var forsýnd fyrir íbúa Sólheima þann 15. október í Sesseljuhúsi og frumsýnd á RÚV 17. október kl. 20:00. Heimildarmyndin **Reynir Pétur- Gengur betur** um Reyni Pétur Steinunnarson var frumsýnd í Bíó Paradís 3. desember 2010 og 12. desember á RÚV. María Sigrún Hilmarsdóttir fréttamaður sá um gerð þáttarins og Guðmundur Bergkvist myndatöku.

Kvennahlaupið

var að vanda haldið á Sólheimum. Fór hlaupið fram 19. júní. Þátttaka var góð og rúmlega 60 konur hlupu, skokkuðu og/eða gengu 2 eða 5 km. Að hlaupi loknu var öllum þátttakendum afhentir verðlaunapeningar. Garðyrkjustöðin Sunna bauð upp á grænmetis- og ávaxtahlaðborð í Grænu Könnunni. Mikil ánægja var með að hlaupið sem er orðinn fastur liður á Sólheimum.


Tónlistarstarf

Sólheimakórinn

Sólheimakórinn, undir stjórn Vigdísar Garðarsdóttur tónmenntakennara, hefur vaxið og dafnað með árunum og æfir samviskusamlega einu sinni í viku í Íþróttaleikhúsinu. Kórinn syngur við ýmis tækifæri, m.a. á litlu jólum, þorrablótum, við brúðkaup, skírnir, í afmælum o.s.frv.

Einkatímar

Flestir íbúar Sólheima eru í einkatímum hjá Vigdísi þar sem þeir syngja, spila á hljóðfæri, útbúa smáhljóðfæri, hlusta á tónlist, leikrit og sögur. Nemendatónleikar eru haldnir í maí og desember ár hvert og þar æfa nemendur sig í að koma fram og sýna það sem í þeim býr.



Kristján Már
hitar upp fyrir kvennahlaupið



Leikjanámskeið
2010



Samkór Sólheima



Árni Alexandersson í tónlistartíma

Menningarveisla Sólheima

Menningarveisla Sólheima var sett í fimmta sinn 12. júní 2010. Á 80 ára afmælisári Sólheima. Menntamálaráðherra Katrín Jakobsdóttir flutti opnunarræðu og setti menningarveisluna sem stóð til 14. ágúst. Við það tækifæri afhjúpaði Katrín ljóð eftir Þorstein frá Hamri sem sett var upp á stóra ljósmynd í viðarramma, sem hluti af ljóðagarði Sólheima. Menningarveislan skipar sérstakan sess í árlegum hrynjanda starfsins hér að Sólheimum og leggur áherslu á staðarmenningu Sólheima. Haldnir voru tónleikar í Sólheimakirkju alla laugardaga menningarveislunnar, samtals 10 tónleikar og var oft fullt út úr dyrum í kirkjunni öllum til mikillar ánægju. Listsýningar eru stór liður menningarveislunnar, þar sem sýnd eru handverk ýmiskonar gerð af íbúum Sólheima. Einnig var sett upp sýning í Íþróttaleikhúsinu á gömlum ljósmyndum af lífi og starfi fyrri ára hér að Sólheimum. Myndirnar voru vaxhúðaðar í kertagerðinni og sett baklýsing við hverja mynd. Þá var í Íþróttaleikhúsinu sýning á kirkjulíkönum sem Gunnar Kárasón, fyrrum heimilismaður hér að Sólheimum, gerði á árum áður af mikilli snilld. Utandyrá voru sett upp ljóðaskilti með ljóðum eftir íbúana, mörg hver býsna sköndin. Áhugi fólks á að koma og njóta þess sem Sólheimar hafa upp á að bjóða eykst ár frá ári og nú koma milli 20 og 30 þúsund manns í heimsókn á Sólheima á ársgrundvelli og flestir eru þeir gestir menningarveislunnar.

Afhjúpað ljóð eftir Þorstein frá Hamri, tileinkað Sólheimum



Alltaf vinsællir,
Raggi Bjarna
og Þorgeir Ástvaldsson



Ingustofa sameiginleg
sýning vinnustofanna

Gunnhildur Sigurjónsdóttir
les upp úr ljóðabók sinni,
„Í faðmi dagsins“ sem fjallar
um daglegt líf á Sólheimum



Voces Veritas ásamt gestum



Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra
setur Menningarveislu Sólheima 2010



Sólheimakórinn á opnunartónleikum menningarveislunnar



Sýning á kirkjulíkönum og myndum

Aðventudagar Sólheima

Aðventudagar Sólheima voru nú haldnir í sjötta sinn. Þar var boðið upp á námskeið, tónlistarviðburði, upplestur, jólamarkað, brúðuleikhús og kvikmyndasýningar. Aðventudagarnir hófust með opnun sýningar nemenda í 8. bekk í Grunnskólanum Ljósaborg á þeim verkefnum sem þau höfðu unnið hér að Sólheimum sem valgrein í skólanum. Auk þess voru vinnustofur opnar að venju fyrir gesti og gangandi frá mánudögum til föstudaga. Jólamarkaður var haldinn eina helgi um miðjan desember í Kringlunni og gafst það vel. Stefnt er að slíkum markaði árlega.



Hörpukórinn á jólatónleikum í Sólheimakirkju



Bernd Ogradnik og brúðurnar



Ágústa Eva og Guðmundur Pétursson



Sólheimaskátar taka lagið



Sungið við jólatréð



Sýning 8. bekkjar Grunnskólans Ljósaborg



Árni Páll Árnason
í ræðustóli

Vigdís Finnbogadóttir
flutti ávarp



Árni Friðriksson og Ólafur Gústafsson voru heiðraðir
fyrir áralanga vináttu og fórnúst starf í þágu Sólheima



Pétur Sveinbjarnarson
bauð gesti velkomna
á 80 ára afmælishátíð
Sólheima



Hátíðargestir hlýða á ræðu stjórnarformans



SÓLHEIMAR
SJÁLFBÆRT SAMFÉLAG

1930 - 2010

80



Hátíðarskrúðganga að Tómasarsmiðju




Gísli Hendriksson tók fyrstu skóflustungu
fyrir nýju gróðurhúsi Sunnu

Frá afmælisárinu



Ólafur Már vinnur að gerð altaristöflunnar



Tómas Grétar klippir á borðann



Sr. Birgir Thomsen
blessar húsið



Guðmundur Ármann
flutti ávarp



Guðmundur Ármann las ritningarlestra



Jón Gnarr borgarstjóri Reykjavíkur prédikaði

Kristján Þór bar ljósið inn í Tómasarsmiðju



Lífærni dagurinn



Davíð Ólafsson og Garðar Thor Cortes sungu
Ester Ólafsdóttir lék á flygilinn



Sólheimakórinn söng nokkur lög



Lífærni tómatar í boði



Gestum var boðið upp á
lífærnt ræktað grænmeti og brauð



Atvinnumat á Sólheimum



Sölvi kokkur
býr til góðgæti

Brekkukot - Nærandi

Talsverðar breytingar urðu á rekstri Brekkukots á árinu en lögð var áhersla á að styrkja Brekkukot sem matvælafyrirtæki sem framleiðir undir merkjum Næranda. Rekstur á Grænu Könnunni var fluttur yfir til Verslunarinnar Völu og rekstur á gistiheimili Sólheima fluttist til Sesseljúhúss. Matvinnslusalur var tekinn í notkun í kjallara Vigdísarhúss við hliðina á bakaríinu. Brekkukot sinnir í dag rekstri á bakaríi, matvinnslu, mótuneyti, veitingasölu og ræstingapjónustu á Sólheimum. Í lok ársins fékk Brekkukot lífræna vottun fyrir bakaríið og matvinnsluna og er þar með því markmiði náð að öll matvæli sem framleidd er á Sólheimum fullnægja skilyrðum lífrænnar vottunar. Í dag er framleitt undir merkjum Næranda t.d. brauð, kökur, smákökur, marmeláði og krukuvörur. Áfram er verið að þróa fleiri uppskriftir í framleiðslu. Markmiðið er að bjóða þær í sölu í verslunum á höfuðborgarsvæðinu ásamt í versluninni Völu og vera þar með leiðandi í framleiðslu á lífrænum matvælum á landinu. Forstöðumaður Brekkukots er Sölvi B. Hilmarsson matreiðslumeistari.

Gistiheimili Sólheima

Rekstur á gistiheimili Sólheima var færður yfir til Sesseljúhúss á árinu enda hafa margir af gestum gistiheimilisins nýtt sér ráðstefnu-, kennslu- og fundaraðstöðu sem er í boði í Sesseljúhúsi. Gistiheimili Sólheima er í tveimur húsum, Brekkukoti og Veghúsi og taka allt að 37 manns í gistingu. Aðstaðan er öll hin besta og hentug fyrir hópa þar sem að í báðum húsum eru stór eldhús þar sem þeir geta annast sína matseld sjálfir eða keypt allar veitingar af Brekkukoti og notið þeirra í sameiginlegri borðstofu. Mikill endurnýjun hefur farið fram í Brekkukoti á þessu ári, en búið er að setja kork á öll gólf, húsgögn endurnýjuð í stofu og í íbúð, einnig í sólstofu, þar sem endurnýjað voru einnig þak og allir gluggar hennar. Baðherbergi voru endurnýjuð að öllu leiti. Nýtingarhlutfall gistingarinnar fyrstu 9 mánuði ársins var um 70% .

Á Sólheimum eru 5 sjálfstætt starfandi fyrirtæki með eigin fjárhag og forstöðumann. Þau eru Skógræktarstöðin Ölur, Garðyrkjustöðin Sunna, Verslunin Vala, en hún rekur einnig listhúsið og kaffihúsið Grænu Könnuna, Brekkukot framleiðir matvæli undir merkjum Næranda en þar er bakarí, matvinnsla, mótuneyti, veitingahús og ræstingarpjónusta fyrir Sólheima og Sesseljúhúsi umhverfissetur sér m.a. um rekstur á gistiheimili Sólheima. Félagspjónusta Sólheima gerir árlega samning við hvert fyrirtæki um starfsþjálfun skjólstæðinga sinna. Um mitt ár 2010 lét Guðmundur Karl Friðjónsson af störfum sem forstöðumaður atvinnusviðs og Erlendur Pálsson tók við starfinu í lok júní mánaðar.

Vala, verslun og listhús

Rekstur Völu er tvíþættur, annars vegar matvöruverslun og hins vegar listagallerí. Í galleríinu er afrakstur daglegrar vinnu og þjálfunar á vinnustofum Sólheima til sýnis og sölu. Á vinnustofunum er mikil áhersla lögð á að skapa listmuni sem hægt er að njóta í margar kynslóðir. Í matvöruversluninni er lögð áhersla á vistvernd og að bjóða mikið af lífrænum vörum sem og öðrum nauðsynjavörum hvort sem er fyrir íbúa Sólheima, nággranna eða gesti. Þetta hefur verið viðburðarríkt ár í rekstri Völu. Fjöldi gesta hélt svipaður og á síðasta ári, sem var metár í heimsóknnum gesta til Sólheima. Nýtt tölvukerfi var tekið í notkun í versluninni. Það stórbætir allt utanumhald um reksturinn og eykur hraða í afgreiðslu. Rekstur á kaffihúsinu Grænu Könnunni var færður undir rekstur Völu á árinu og með því skapast hagræði í daglegum rekstri og mannhaldi beggja eininganna. Lífrænn markaður var meðal þeirra viðburða sem stóðu hvað hæst í sumar og var hann haldinn á torginu milli Völu og Grænu Könnunnar. Jólamarkaðurinn í Kringlunni gekk vel. Einnig studdi verslunin við jólamarkað „Vina Sólheima“, í IÐU húsinu í Reykjavík. 1. maí 2010 lét Þóra Breiðfjörð af störfum sem forstöðumaður Völu og við starfinu tók Ingibjörg Guðjónsdóttir.

Græna Kannan

Græna Kannan er eina kaffihús landsins sem selur eingöngu drykki og meðlæti úr lífrænum hráefnum þar á meðal góðgæti úr bakaríi og eldhúsi Sólheima. Yfir sumarmánuðina var mikil aðsókn í kaffihúsið þar sem í boði voru ýmsar uppákomur í samstarfi við Menningarveislu Sólheima og oft var fullt út úr dyrum. Annan hvern sunnudag hefur skapast hefð fyrir messukaffi í takt við messur í Sólheimakirkju. Einnig var Græna Kannan opin frá föstudegi til sunnudags á „Aðventudögum“ og var aðsókn með ágætum. Viljum við þakka gestum komuna, en svona til gamans, þá voru afgreiddar rúmlega 3000 tertusneiðar og 2600 kaffibollar síðasta sumar í Grænu Könnunni. Vinna við breytingar á húsnæði kaffihússins er hafin en fyrirhugað er að bæta úrval matar og drykkjar fyrir gesti, aðstaða verður gerð fyrir lestur á bókum úr safni Sólheima, tímaritum eða dagblöðum, einnig er frír aðgangur að Interneti. Breytingar verða einnig gerðar á húsnæðinu sem og húsbúnaði, stefnt er á að fyrsta áfanga að verði lokið fyrir sumarið.

Garðyrkjústöðin Sunna

Sólheimar eru vagga lífrænnar ræktunar á Íslandi en Sesselja Hreindís Sigmundsdóttir var merkur frumkvöðull á því sviði. Almennir eru taldir að upphaf lífrænnar ræktunar, ekki aðeins á Íslandi, heldur einnig á norðurlöndunum hafi verið á Sólheimum.

Sesselja var mikill náttúruunnandi og var meðal þeirra á Íslandi sem fyrst létu sig umhverfismál varða. Það er því löng og sterk hefð fyrir umhverfisvitund á Sólheimum og mikil áhersla á að öll matvæli sem framleidd eru á Sólheimum fullnægi kröfum um lífræna vottun.

Lífræn ræktun byggir á því að varðveita frjósemi jarðvegarins og ekki er notast við kemísk efni til að auka vaxtarhraða grænmetisins. Lífrænar varnir eru notaðar til að takast á við óvæur sem koma upp. Stunduð er skiptirækt til að viðhalda frjósemi jarðvegarins og minnka hættuna á sjúkdómum.

Við ræktunina er notaður húsdýraáburður, fiskimjöl og þörungamjöl.

Sunna hefur alla tíð ræktað lífrænt grænmeti. Afurðir Sunnu er seldar til mötuneytis Sólheima, í versluninni Völu á Sólheimum, einnig í verslunum Hagkaups og í verslunum Nettó.

Útlitsgallað grænmeti er nýtt til niðursuðu í Nærandi og þannig nýttist framleiðslan að fullu.

Framleiðsla Sunnu er lífrænt vottuð af vottunarstofunni Túni.

Helstu framleiðslutegundir eru: Tómatar, agúrkur og paprika.

Húsakostur og ræktunarsvæði:

Glergróðurhús og vinnuskáli 1271 m². Plastgróðurhús 710 m².

Matjurtagarðar teljast vera um tveir hektarar.

Fyrirhugað er á árinu að hefja byggingu á nýju 1700 m² glergróðurhúsi sem er meira en tvöföldun á ræktunarsvæði undir gleri á Sólheimum enda hefur eftirspurn eftir lífrænu grænmeti margfaldast á Íslandi í síðustu árum.

Uppskeyra helstu framleiðsluvörur:

Tómatar	4000 kg.	Agúrkur	6000 kg.
Kirsuberjatómatar	3000 kg.	Paprika	1500 kg.
		Salat	2500 stk.

Forstöðumaður Garðyrkjústöðvarinnar Sunnu er Valdimar Ingi Guðmundsson garðyrkjufraeðingur.



Garðyrkjústöðin Sunna



Áhugasöm í skógræktinni

Skógræktarstöðin Ölur

Þetta er eina skógræktarstöðin á landinu sem framleiðir lífrænt ræktaðar afurðir sem er í anda hugmyndafræði Sesselju stofnanda Sólheima. Það er talsvert meiri vinna að koma upp trjáplöntum með lífrænum aðferðum, en á móti eru lífrænt ræktaðar plöntur með sterkt rótarkerfi og því lífvænlegar og ekki síður er þetta vistvæn aðferð þar sem að það eru ekki notuð kemísk efni heldur er náttúran látin sjá um að næra og verja plöntuna.

Mikil aukning hefur verið á undanförunum árum í sölu á trjá- og plöntum til sumarbústaðaeigenda, nágretta og annarra gesta sem oft koma langt að til að fá sterkar og fallegar plöntur hjá Ölri. Skógræktarstöðin er nefnd eftir trjátegund sem nefnist Ölur og er stolt í trjáæktun og er eftirspurn eftir þessari fallegu plöntu stöðugt að aukast.

Stefnt verður að því á nýju ári að bæta við framleiðslu á forræktuðu salati og kryddjurtum til að planta í potta á svölum eða í garðinn og geta notendur alltaf boðið uppá nýtt og blandað salat eða nýtt ferskar kryddjurtir við matseldina.


Einnig verður á nýju ári farið af stað með tilraunaræktun á mismunandi tegundum ávaxatrjáa í samstarfi við Garðyrkjufélag Íslands og Landbúnaðarháskóla Íslands og verða gróðursett tré víða á Sólheimasvæðinu.

Sólheimar eru aðili að Bændaskógum í umsjón Suðurlandsskóga og hefur Ölur haft umsjón með ræktun, plöntun og umhirðu skógræktarsvæðisins. Plöntunin hófst 1991 og er ræktað á 199 hektara svæði í landi Sólheima.

Á svæði skógræktarstöðvarinnar er trjásafrn þar sem áhugasamir ræktendur geta gengið á milli fjölbreyttra trjátegunda og skoðað hvað hentar við eigin ræktun.

Framleiðsla Ölurs 2010 var eftirfarandi:

Tré og runnar	5000 stk.
Alaskaðsp	80.000 stk.
Ilmreynir	45.000 stk.
Ilmbjörk	5000 stk.
Sitkagreni	5000 stk.
Víðir	45.000 stk.
Sumarblóm	4000 stk.
Forræktað krydd	2000 stk.



Forstöðumaður Skógræktarstöðvarinnar Ölurs er Særún Stefánsdóttir garðyrkjufraeðingur.




Vefstofa

Verkstjóri vefstofu í byrjun árs fram til september var Mira Liimatainen. Undir dyggri stjórn hennar voru unnin þrjú metnaðarfull útsaumsverk fyrir sumarsýningu vinnustofanna „Dýrin mín stór og smá“. Vefstofan tók ríkan þátt í búningagerð fyrir 80 ára afmælisleikrit Sólheima „Þar sem sólin á heima“ en myndlistarkonan GERLA var yfir búningahönnun. Mira hætti störfum hjá vefstofunni 20. ágúst eftir vel unnin störf. Karen Ósk Sigurðardóttir snéri aftur til starfa úr fæðingarorlofi sem verkstjóri vefstofunnar 1. september. Aðaláherslan í starfi vefstofunnar frá september til ársloka var að koma framleiðslu vel í gang fyrir jólaverslunina og að hlúa vel að starfsmönnum vefstofunnar. Forstöðumaður vefstofu er Karen Ósk Sigurðardóttir, BA frá Lisháskóla Íslands.

Leirgerð

Í janúar 2010 var hafist handa við að vinna um 20 verk eftir Einar Baldursson fyrir samsýningu lærðra og leikna sem bar nafnið „Ástríðulist“ í Gerðubergi. Einnig var unnið að verkum á sumarsýninguna í Ingustofu. Teikningar af dýrum og fuglum eftir íbúa Sólheima, voru notaðar í gerð skúlptúra af ýmsum stærðum og gerðum. Anne Kaamp leirlistarkona, vann þrjár vikur í sjálfböðavinnu í leirgerðinni í júlí. Kenndi hún m.a. stenslagerð og hvernig færa má teikningar yfir á leirinn. Var mjög mikið gagn og gaman að fá hana hingað. Forstöðumaður leirgerðar er Ingibjörg Karlsdóttir, leirlistarkona.



Listasmiðja

Á starfsmannafundi í janúar s.l. var ákveðið að vinna með dýrabeinu fyrir sumarsýninguna 2010. Vinnan við myndverkin var aðalverkefnið fram á vor. Í mars tókum við þátt í samsýningu á vegum Listar án landamæra í Norræna húsinu. Nokkur verkefni voru unnin fyrir Leikfélag Sólheima í apríl. Meðal verka sem eru unnin í listasmiðju eru pappamassaskálar úr afgangspappír, frjáls myndsköpun á pappír og striga unnin með s.s. vatns-og akrýllitum, litakrít, kol eða pastel.

Útfært eftir áhugasviði hvers og eins, þæfð ullar myndverk og munir, frjáls útsaumaðferð þar sem hver einstaklingur finnur sinn stíl í útsaumstækni og útfærslu, gerð jóla- og tækifæriskorta með ljósmyndum af myndverkum frá Sólheimum.

Auk þessa hannaði, útfærði og vann Ólafur Már Guðmundsson forstöðumaður listasmiðju, altaristöflu sem vígð var við hátíðarguðsþjónustu á kirkjudegi Sólheimakirkju 4. júlí 2010. Altaristaflan er unnin í þæfða ull og sýnir Jesú blessa börnin og Maríu móður sína. Forstöðumaður listasmiðju er Ólafur Már Guðmundsson myndlistarmaður.

Kertagerð

Í kertagerðinni er framleiðslan fjölbætt og er lögð áhersla á að vinna úr vistvænum hráefnum eins og Parafíni, Bývaxi og með endurnýtingu á kertaafgöngum. Framleiðslan er mjög fjölbreytt og óhefðbundin. Á meðal muna eru skúlptúrar úr vaxi og hænsnaneti, myndskreytingar og fjölbreytt kertamunstur. Kertagerðin hefur staðið fyrir námskeiðum í kertagerð, meðal annars í samstarfi við Fræðslunet Suðurlands.

Forstöðumaður kertagerðarinnar er Erla Thomsen leikskólakennari og kertagerðarkona.

Smíðastofa

Framleiðsla smíðastofunnar hefur alla tíð einkennst af frumleika og listfengi og var eingin breyting þar á síðasta ári. Munirnir eru stórir og smáir og eru oftast en ekki eftir teikningum og hönnun heimilismanna. Lárus Sigurðsson lét af störfum sem forstöðumaður smíðastofunnar á árinu og Christelle Bimier kom aftur til starfa á Sóleimum eftir nokkra fjarveru. Forstöðumaður smíðastofu er Christelle Bimier

Jurtastofa

Í jurtastofunni eru framleiddar handsápur, hunangskrem sem hefur slegið í gegn og baðsölt. Fyrirhugað er á nýju ári að gera heildstæða snyrtivörulínu sem inniheldur sjampó, hárnæringu, varasalva, kremvörur og tannkrem. Allt verður þetta framleitt með lífrænum framleiðsluaðferðum og innihaldi.

Forstöðumaður jurtastofu er Vigdís Garðarsdóttir.





Námskeið í kertagerð



Leirgerð



Listasníðja



Hanný í smíðastofunni



Kertin á leið í búðina

Dóri vefur af mikilli snilld

Sýningarhús um sjálfbærar byggingar og fræðslusetur um umhverfismál

Sesseljuhús umhverfissetur er fræðslusetur um umhverfismál og sýningarhús um sjálfbærar byggingar. Þar fer fram alhliða fræðsla um umhverfismál og haldin námskeið bæði fyrir nemendur á grunnskóla- og háskólastigi auk málþinga, funda og námskeiða hvers konar.

Það sem bar hæst árið 2010 var eftirfarandi:

Í janúar var Axel Benediktsson, skipulagsfræðingur, ráðinn verkefnisstjóri yfir ýmsum skipulags- og fræðslustörfum í Sesseljuhúsi. Umhverfisdagur á Sólheimum voru í febrúar. Unnið var í fræðslu um sorpflokkun og moltugerð og Sesseljuhús fékk veglega bókagjöf frá Birgi Þórðarsyni umhverfisskipulagsfræðingi og heilbrigðisfulltrúa á Suðurlandi.

Pálín Dögg Helgadóttir, forstöðumaður Sesseljuhúss, lét af störfum í mars mánuði og við starfi hennar tók Katrín Magnúsdóttir.

Í mars mánuði hóf Sesseljuhús samstarf við lðnskólann í Hafnarfirði um hönnun og byggingu lítillar vatnsaflsvirkjunar á Sólheimum og Sesseljuhús gerðist aðili að nýstofnuðu Vistbyggðaráði. Axel Benediktsson, verkefnisstjóri, fór í apríl mánuði á námskeið í byggingu hálmbyggahúsa í Siebenlinde í Þýskalandi, styrkt af Grundtvig Evrópuverkefninu.

Í sama mánuði, hóf Sesseljuhús samstarf við skipulagsdeild Landbúnaðarháskóla Íslands þar sem nemendur hönnuðu sumarsýningu um sjálfbæra byggingu í Sesseljuhúsi.



Nemendur 8. bekkjar Grunnskólans Ljósaborgar sóttu námskeiðið Sólheimar – Sjálfbærni og samfélag

á vor- og haustönn og var námskeiðið í umsjá Sesseljuhúss. Samstarf Sesseljuhúss og Grunnskólans Ljósaborgar hefur nú staðið í fjögur ár og ávallt gengið mjög vel.

Að loknum námskeiðum kynntu nemendur afrakstur annarinnar fyrir öllum nemendum skólans ásamt kennurum og aðstandendum. Þeir sögðu frá sögu Sólheima og starfinu á vinnustofunum.

Einnig kynntu þeir hópverkefni sem þeir unnu um sjálfbærni og samfélag. Krakkarnir stóðu sig með stakri

þryði og að loknum fyrirlestrinum fengu þeir afhent viðurkenningarskjöl fyrir námskeiðið. Einnig opnuðu þeir sýningu á vinnu sinni bæði að vori og hausti, en á sýningunni voru upplýsingaskilti auk verka úr leir og kertavaxi sem þeir unnu á vinnustofunum.



Blómaskoðun á fræðslufyrirlestri

Cell háskólanemar í vettvangsferð



Fjórir nemendur frá bandarísku háskólasamtökunum CELL, ásamt leiðbeinanda, dvöldu í þrjár vikur í maí mánuði á Sólheimum og sinntu háskólanámi.

Þrír fyrstu nemendur háskólans L'Ireo de Bressuire í Frakklandi stunduðu starfsnám í Sesseljuhúsi í maí og stefnan er að fá starfsnema þaðan árlega.

Sesseljuhús, ásamt aðilum innan umhverfisgeirans á Suðurlandi, lögðu drög að Umhverfisklasa Suðurlands. Markmið klasans er að samþætta það sem verið er að gera í umhverfismálum á svæðinu.

Hin árlega fræðslufundaröð Sesseljuhúss var opnuð í júní mánuði. Sérfræðingar á sviði umhverfismála héldu erindi flesta laugardaga síðastliðið sumar og voru þeir vel sóttir.

Sumarsýningin Sjálfbær bygging, skipulag, hönnun opnuð í samstarfi við Landbúnaðarháskóla Íslands og Skipulagsfræðingafélag Íslands.

Í september mánuði komu þrettán nemendur frá bandarísku háskólasamtökunum CELL, ásamt leiðbeinendum, til Sólheima og dvöldu í þrjá mánuði og sinntu háskólanámi.

Á árinu var lokið við skráningu á bókasafni Sólheima til gagnagrunninn GEGNI, sem er landskerfi bókasafna. Alþjóðlegur dagur loftslagsins haldinn hátíðlegur á Sólheimum í

nóvember með veglegri dagskrá. Sýning nemenda í Ljósaborgarskóla var opnuð 18. nóvember og markaði hún upphaf Aðventudaga Sólheima.

Lokið var við að setja upp gagnagrunn sem mælir orkunotkun hússins, var þar með lokið fyrri áfanga verkefnisins „Orkunotkun í sjálfbærri byggingu“.

Sesseljuhús fékk á árinu styrki til uppbyggingar Orkugarðs Sólheima úr Samfélagssjóði Alcan og Orkusjóði Orkustofnunar. Einnig styrkti Grímsnes- og Grafningshreppur uppbyggingu háskólanámsins í Sesseljuhúsi. Í upphafi árs fékk Sesseljuhús styrk til eins árs frá Starfsorku til að ráða nýjan staðsmann við húsið.

Bakhjarlar Sesseljuhúss árið 2010 voru Umhverfisráðuneytið og Landsvirkjun.



Landsvirkjun UMHVÉRFSRÁÐUNEYTIÐ





Það sem bar hvað hæst á 80 ára afmælisári Sólheima í kirkjunni, var vígsla nýrrar altarisstöflu sem fram fór við hátíðarguðsþjónustu á kirkjudegi Sólheimakirkju þann 4. júlí. Er altaristaflan mikið listaverk úr þæfðri ull, gerð af Ólafi Má Guðmundssyn forstöðumanni listasmiðju Sólheima.

Á kirkjudeginum prédikaði Jón Gnarr borgarstjóri Reykjavíkur og lagði hann út af Trú, Von og Kærleika. Kirkjan var þéttsetin og stóð fólk bæði í anddyri og utandyra. Var sett upp hljóðkerfi svo viðstaddir gátu fylgst með öllu sem fram fór. Guðsþjónustur voru 22 að tölu yfir árið. Þátttakendur í þeim voru 1,579, eða 71 að meðaltali í hverri guðsþjónustu og þar af gengu 312 til altaris. Auk þess voru 12 bæna- og helgistundir, Kirkjuskólinn var haldinn í 9 skipti, 1 brúðkaup og 3 skírnir, alls 47 athafnir.

Þátttakendur í athöfnunum voru samtals 1,995. Tónleikar voru í kirkjunni alla laugardaga menningarveislunnar, 10 talsins og voru tónleikagestir alls 1,266 að tölu. Margar heimsóknir hópa og ferðamanna voru í kirkjuna og má gera ráð fyrir því að rúmlega tíuþúsund manns komi í kirkjuna á ári hverju.

Almennur safnaðarsöngur er í hávegum hafður við athafnir, þar sem ekki er sérstakur kór við kirkjuna. Þetta fyrirkomulag hentar vel í okkar samfélagi og er vel tekið undir í söng og svörum. Allir viðstaddir fá í hendur messuskrá með textum sálmanna og öll svör. Organisti við kirkjuna er Ester Ólafsdóttir og meðhjálparar eru Ólöf E. Guðmundsdóttir, Eypór Jóhannsson, Ágúst Þór Guðnason og Erla Thomsen. Íbúar Sólheima hafa tekið virkan þátt í athöfnunum með ritningarlestri og annarri aðstoð. Nokkuð er um það að kórar og annað tónlistarfólk fái að æfa í kirkjunni og haldi tónleika fyrir íbúa og nágranna Sólheima. Einnig sungu nokkrir gestakórar við guðsþjónustur á árinu.

*i Khaya Loxolo
Heimili friðarins, Suður Afríku*

Íbúar Sólheima og Styrktarsjóður Sólheima styðja samfélag og byggðahverfi í Suður-Afríku sem þjónar einstaklingum með sérþarfir. Ikhaya Loxolo, eða Heimili friðarins, er fyrsta heimilið fyrir einstaklinga með þroskahömlun í Elliotdale. Þýsk hjón Alexandra og Michael Guenther, sem áður störfuðu við Camphill samfélag í Suður-Afríku, stofnuðu Heimili friðarins til að koma til hjálpar á þessu svæði í Elliotdale í Suður Afríku, þar sem mikil fátækt er og lítið um önnur úrræði. Íbúar Sólheima hófu samstarf við þetta samfélag þegar fyrstu fimm íbúarnir fluttu til Heimili friðarins í janúar 2008 og styðja þeir ásamt Styrktarsjóði Sólheima árlega uppihald þeirra. Auk þess að hafa kostað kaup á átta geitum sem koma í góðar þarfir við mjólkuröflun. Einnig hefur styrktarsjóðurinn veitt styrk til byggingar húss sem ber nafnið Sólheimahús.



Ný altarisstafla
var vígð
4. júlí 2010



Jólamarkaður vina Sólheima



Adventuhátíð

Árleg adventuhátíð Sólheima var haldin að venju fyrsta sunnudag í Adventu. Er þetta í fimmta sinn sem hátíðin er haldin í Sólheimakirkju. Áður hefur hún verið haldin í húsnæði sem nefnt var „Gamla sviðið“ og í Íþróttaleikhúsinu. Adventuhátíðin, eða Adven-tugarðurinn eins og hún er nefnd er sérstök að ýmsu leiti og mjög hátíðleg, en hún hefur verið haldin hér í tæp 80 ár. Sækja hana íbúar Sólheima, auk þess nánir ættingjar og vinir sem margir hafa starfað á Sólheimum á árum áður.


Sterk bönd tengja marga við Sólheima og Adventu-garðinn. Var kirkjan þétt setin og loguðu á annað hundrad kerti í Adventugarðinum við lok athafnar. Vert er að geta þess að Þorvaldur Kjartansson, slökkviliðsstjóri Sólheima stóð vaktina með tiltækan búnað ef á þyrfti að halda, en allt gekk vel.

*Jólamarkaður
Vina Sólheima*

Dagana 7.- 23. desember héldu Vinir Sólheima úti jólamarkaði í kjallaranum í lðu við Lækjargötu í Reykjavík. Markaðurinn var opinn frá kl. 13:00 - 18:00 alla daga fyrir jólin.

Á markaðnum voru til sölu munir og matvara sem íbúar Sólheima höfðu búið til, en að auki gáfu fjölmargir vinir Sólheima fallegar vörur sem seldar voru. Sjálfboðaliðar sáu um afgreiðslu á markaðnum ásamt því að listamenn sem fram komu gáfu verk sín á markaðinn, eða komu fram með skemmtiatriði til að mynda einstaka Sólheima stemmningu.

Íbúar Sólheima voru á sveimi á markaðnum og Sólheimakórinn tróð upp með nokkur lög. Vildu vinir Sólheima sýna það í verki að samfélagið á Sólheimum á stuðning vísan allstaðar að af landinu. Er skemmst frá því að segja að jólamarkaðurinn gekk mjög vel og kunna íbúar Sólheima vinum sínum nær og fjær hinar bestu þakkir fyrir stuðninginn.



Tölulegar upplýsingar

Tölulegar upplýsingar, miðað við desemberlok 2010

	ár	fjöldi
Meðalaldur starfsmanna	53,4	81
Meðalaldur heimilisfólks	49,5	43
Á launaskrá í desember		81
Meðalaldur íbúa byggðahverfisins í heild	40	
Fjöldi íbúa með lögheimili á Sólheimum		92
Fjöldi íbúa með lögheimili		
í Grímsnes-og Grafningshreppi		415
Fjöldi íbúa með búsetu á Sólheimum		105
Fjöldi barna 0 til 5 ára og meðalaldur þeirra	2,7	3
Fjöldi barna 6 til 16 ára og meðalaldur þeirra	10,3	7
Meðalaldur barna	8	10
Fjöldi heimila að Sólheimum		51
Fjöldi erlendra sjálfbóðaliða sem dveljast í 6 til 12 mánuði		4
Fjöldi erlendra sjálfbóðaliða sem dvelja skemur en 6 mánuði		48

Fjárveiting ríkissjóðs árið 2008, kr. 258.200.000.-
 Fjárveiting ríkissjóðs árið 2009, kr. 271.288.000.-
 Fjárveiting ríkissjóðs árið 2010, kr. 276.314.000.-

Tómasarsmiðja á vígsludegi



Yfirlit fasteigna

Íbúðarhúsnæði

Sambýli, sérbyli auk íbúða starfsmanna sem byggð hafa verið á tímabilinu 1932 til ársins 2007

samtals 4.504 m²

Þjónustuhúsnæði

Sólheimahús, Vigdísarhús, sundlaug, íþróttaleikhús, Græna kannan, Sólheimakirkja og Tómasarsmiðja

samtals 3.752 m²

Atvinnuhúsnæði

Gistiheimilið Brekkukot, Ólasmiðja, Ingustofa, Sesseljuhús, Garðyrkjustöðin Sunna, Skógræktarstöðin Öllur og Verslunin Vala

samtals 5.994. m²

Annað húsnæði

Skakkiskóli, Safnhaugahús, Hitaveituhús, Upphæðir 3, Upphæðir 15 og Bergmálshúsið

samtals 938 m²

Húsnæði á Sólheimum alls

15.188m²



Styrktarsjóður Sólheima var stofnaður árið 1986 og starfar samkvæmt skipulagsskrá

Hlutverk sjóðsins er

- Að veita styrki eða lán til verklegra framkvæmda að Sólheimum.
- Að veita styrki eða lán til að kaupa á áhöldum og verkfærum.
- Að veita styrki eða lán til námsdvala á sviði er tengist starfi Sólheima.
- Að styrkja ferðalög, sumardvalir og annað frístundstarf íbúa Sólheima.

Sjóðnum er heimilt að kaupa eða byggja og reka félagslegar íbúðir, orlofsíbúðir eða annars konar húsnaði. Sjóðnum er heimilt að eiga aðild að atvinnurekstri. Sjóðurinn annast útleigu og rekstur íbúðar- og atvinnuhúsnaðis að Sólheimum.

Íbúðarhúsnaði í útleigu

- 30 íbúðir
- 2 sambýli
- 1 þjálfunar- og þjónustuíbúð
- 9 íbúðaeiningar fyrir heldriborgara
- 4 íbúðir í tveimur raðhúsum
- 12 einbýlishús



Atvinnuhúsnaði í útleigu

- Veghús, gistihús
- Ólasmiðja, verkstæði og vinnustofur
- Ingustofa, verkstæði og vinnustofur
- Sesseljúhús, umhverfismiðstöð.
- Tómasarsmiðja, trésmíðaverkstæði, slökkvistöð og áhaldahús.

Höfuð viðfangsefni sjóðsins á árinu var bygging Tómasarsmiðju, en húsið var formlega tekið í notkun 2. júlí í tilefni af 80 ára afmæli Sólheima Tómasarsmiðja, sem ber nafn Tómasar Grétars Ólasonar heimilisvinar Sólheima, er hið veglegasta hús og skiptist í þrjár einingar: trésmíðaverkstæði, slökkvistöð og áhaldahús. Styrktarsjóðurinn kostaði að hluta gerð altarisstöflu í Sólheimakirkju, sem var formlega vígð á 5 ára afmæli kirkjunnar. Altaristaflan er minningargjöf um Eddu Hjaltsted, sem lést 4. október 2009. Veittir voru styrkir til hljóðfæraakaupa vegna tónlistarkennslu, til tækjakaupa fyrir brauðgerð og vegna viðhaldsframkvæmda í Brekkukoti. Þá voru einnig veittir nokkrir smærri styrkir vegna ferða- og endurmenntunar og til starfsmannafélags Sólheima. Umfangsmesta verkefni sjóðsins er viðhald íbúða- og atvinnuhúsnaðis að Sólheimum.

Í samræmi við hlutverk og tilgang sjóðsins eru í umsjón hans fjórir sjóðir:

Orlofs-og starfsmenntasjóður

Orlofssjóður var stofnaður á 60 ára afmæli Sólheima árið 1990. Sjóðurinn hefur úthlutað styrkjum til orlofsdvalar fyrir rúmar 4 milljónir króna. Framlög í sjóðinn hafa komið með gjafafé, auk fjárveitinga úr styrktarsjóði. Starfsmenntasjóður var stofnaður árið 2002, er 100 ár voru liðin frá fæðingu Sesselju Hreindísar og hefur úthlutað styrkjum til endurmenntunar. Framlög í sjóðinn hafa komið frá styrktarsjóði og Sólheimum ses. Þessir sjóðir hafa nú verið sameinaðir í einn sjóð

Menningasjóður

Í menningarsjóð er lagt árlegt framlag fyrirtækja Sólheima, Sólheima ses og styrktarsjóðsins. Sjóðurinn hefur fyrst og fremst annast kaup á listaverkum og styrkt menningaviðburði. Aðal viðfangsefni sjóðsins er kostun listaverksins „Sólgátt“ eftir Rúrí. Verkfæðistofurnar Fjarhitun og Raftækning vinna að útfærslu listaverksins.


Atvinnuþróunarsjóður

Sjóðurinn var stofnaður árið 2004. Í sjóðinn rennur 1/3 hluti sölutekna af vörum vinnustofa Sólheima og hluti hagnaðar af rekstri fyrirtækja Sólheima. Verkefni sjóðsins er að leggja fram fé vegna vöruþróun og tækjakaupa

Péturssjóður

Sjóðurinn var stofnaður með gjafafé 23. ágúst árið 2005. Á því ári stóð sjóðurinn fyrir kaupum á kirkjuklukkum fyrir Sólheimakirkju. Næsta verkefni sjóðsins var að leggja fram fjármuni vegna gerðar altarisstöflu í Sólheimakirkju. Sjóðnum er einkum ætlað að kosta viðhald og búnað fyrir Sólheimakirkju. Styrktarsjóðurinn stóð fyrir tveimur fjársöfnunum á árinu. Safnað var vegna byggingar nýs gróðurhúss sem Garðyrkjustöðin Sunna er nú með í undirbúningi. Gert er ráð fyrir að fjármögnun gróðurhússins verði aðal viðfangsefni styrktarsjóðsins næstu tvö árin, auk þess sem ráðgerð er breyting á sambýli í tvær íbúðir og hafin undirbúningur að byggingu nýs einbýlishúss.

Unnur Rán Halldórsdóttir, Bókhaldstofunni Stemma, annast bókhald og innheimtu fyrir sjóðinn. Pétur Sveinbjarnarson stjórnarformaður sjóðsins hefur umsjón með daglegum rekstri.



Samstarfsaðilar Sólheima eru

Félagsmálaráðuneytið

Fangelsismálastofnun

Veraldarvinir

Solákra í Järna í Svíþjóð

Fræðslunet Suðurlands

Landsvirkjun

Umhverfisráðuneytið

Bergmál líknar- og vinafélag

AUS - Alþjóðleg ungmennaskipti

GEN - alþjóðasamtök sjálfbærra
byggðarhverfa

SEEDS sjálfbóðaliðasamtökin

CELL - Center for Ecological Living
and Learning

Hitaveita Suðurnesja

Vinnumálastofnun

Camphill hreyfingin

Marli í Lübeck í Þýskalandi

Orkuveita Reykjavíkur

Grímsnes- og
Grafningshreppur